

Mototrúft 700

Hafa vandamál komið upp?

- Bílskúrshurðaðopparinn hvorki virkar frá fjarstýringunni né veggrofa:**

Er oppnarinn í sambandi við rafmagn? Settu ljósalampa í samband við innstunguna. Ef ljósið kviknar ekki skaltu athuga öryggi. Er engar læsingar á hurðinni sem læsa henni aftur? Lesið athugunartexta á bls. 1 í uppsetningaleiðbeiningum. Er möguleiki á snjó eða ís undir hurðakanti? Möguleiki að hurðin sé frosin föst. Losið þá hindrun. Mögulega eru hurðagormar brotnir. Kallið þá til viðgerðahjónustu til að skipta út gormum.
- Bílskúrshurðaðopparinn virkar með fjarstýringu en ekki veggrofa:**

Er ljós á veggrofanum? Ef ekki, þá aftengið víra veggrofans frá oppnarinum og tengið með vírbút snökt á milli rauða og hvíta tenginganna á oppnarinum. Ef oppnarinn virkar, þá athugið hvort tenging við veggrofann er ekki í lagi, hvort útleiðsla sé undir einhverri víraklemmuni eða tenging á vír hafi losnað. Er tengingar í lagi? Lesið aftur bls. 4.
- Bílskúrshurðaðopparinn virkar með veggrofa en ekki fjarstýringu:**

Skiptið um rafhlöðu ef þörf er. Ef þú ert með tvær eða fleiri fjarstýringar og bara ein virkar, þá skaltu fara yfir leiðbeiningar í kafla 22 og 23.
- Fjarstýring virkar bara í stuttri fjarlægð:**

Hefurðu skipt út rafhlöðu?
Hefurðu prófað mismunandi staðsetningar á fjarstýringunni í bílnum?
Málmklæddar bílskúrshurðir og málmklæddir veggir geta haft áhrif á sendigetu fjarstýringar.
- Bílskúrshurðin snýr við af einhverjum ástæðum og ljósið blikkar ekki:**

Er eitthvað sem hindrar færslu hurðarinnar? Aftengið hurðafestingu frá brautinni. Færið hurðina með hendinni. Ef hurðin er ekki í jafnvægi eða einhver þvingun, þá hafið samband við viðurkendan uppsetningaraðila. Hreinsið í burt snjó og ís af gólfinu þar sem hurðin leggst að. Endurtakið kafla 25 og 26: “Stilling á endapunktum, Stilling á krafti”. Endurtakið síðan kafla 27 “Prófun á öryggisopnun”.
- Bílskúrshurðin snýr við af einhverjum ástæðum og ljósið blikkar í fimm Sekúndur eftir að hurðin hefur snúið við.**

Athugaðu Protector System (Öryggisgeisla) (Ef þú hefur sett upp þennan búnað) Stilltu af stefnu öryggisgeislans ef ljósdíóðan blikkar.
- Ef íbúar hússins heyra mikið hljóð frá oppnarinum:**

Ef eðlilegt hljóð oppnarans veldur ónæði í húsinu, þá mælum við með að sett séu upp hljóðdemparar 41A3263. Þessir demparar eru hannaðir til að rjúfa hljóðleiðni og er auðvelt að setja þá upp.
- Bílskúrshurðin opnast og lokast af sjálfum sér:**

Athugaðu hvort takki á fjarstýringunni sé fastur.
- Hurðin stoppar en lokast ekki alveg:**

Endurtakið kafla 25: “Stillingar á endapunktum”. Í hvert skipti sem hurðarmur, kraftur eða endapunktur hafa verið stilltir, verður að endurtaka kafla 27 “Prófun á öryggisopnun”.
- Hurðin opnast en lokast ekki:**

Athugaðu Protector System (Öryggisgeisla) (Ef þú hefur sett upp þennan búnað) Stilltu af stefnu öryggisgeislans ef ljósdíóðan blikkar. Ef ljósið blikkar ekki og þú ert með nýjan oppnara, þá endurtaktu kafla 25 og 26: “Stilling á endapunktum, Stilling á krafti”. Endurtakið síðan kafla 27 “Prófun á öryggisopnun”.
- Vinnuljós opnarans lýsir ekki:**

Skiptu um peru (24V / 21W max).
- Ef heyrir ískur eða brestir í bílskúrshurðaðopparinum:**

Það er möguleiki að hurðin sé ekki í jafnvægi eða gormar slitnir. Lokið hurðinni og togið í spottann og aftengið keyrsluvagninn frá brautinni. Opnið og lokið með handafla. Rétt stillt hurð stoppar í hvaða stöðu sem er ef all er í lagi. Ef ekki, þá hafið samband við viðurkendan uppsetningaraðila.
- Surg í mótór í smá stund og svo virkar ekkert:**

Bílskúrshurðagormur er kanski brotinn. Athuga hvort hurðalæsing haldi hurð fastri. Endurtakið síðan kafla 27 “Prófun á öryggisopnun” eftir að aðrar stillingar hafa verið yfirfarðar.
- Opnarinn virkar ekki vegna rafmagnleysis:**

Togið í spottann og aftengið keyrsluvagninn frá brautinni. Eftir það má opna og loka handvirkt. Þegar rafmagn er komið á þá færið aftengingu keyrsluvagnsins til baka. Næst þegar opnarinn er gangsettur tengist hann sjálfkrafa vagninum aftur.
- Handvirk stilling á endapunktum:**
 - Haldið svarta takkanum inni þar til gula díóðuljósið byrjar að blikka hægt. Sleppið síðan takkanum.
 - Stilling með tökkunum. Ítið á þann svarta til að keyra hurð UPP, og á þann appelsínugula til að keyra hurð NIÐUR. Athugið að hurðin fari nægjanlega hátt til að bíllinn sleppi vel undir.
 - Ítið á takkann á fjarstýringunni eða veggrofanum. Þar með er endapunkturinn innstilltur í stöðunni “OPINN”. Hurðin fer af stað í að lokast. **Íttu þá strax á appelsínugula eða svarta takkann.** Hurðin stoppar. Stillið inn stöðuna “LOKAÐ” með því að íta á annaðhvort svarta eða appelsínugula takann. Látið hurðina lokast þétt en þó ekki svo fast að brautin bogni upp og keðjan hangi niður fyrir braut. Ítið á takka á fjarstýringu eða veggrofa og er þar með endapunktur innstilltur í stöðunni “LOKAÐ”. Hurðin fer af stað að opnast. **ATH!** Ef þú hvorki ítir á svarta né appelsínugula takkann áður en hurðin hefur náð að lokast, reynir opnarinn að stilla sig sjálfvirkt á endapunkta. Hurðin keyrist þá upp og stoppar þá í innstilltri stöðunni “OPIN”. Ef vinnuljósið blikkar ekki tíu sinnum, hafa endastoppin stillt rétt og þarf þá ekki handvirka stillingu. Endapunkturinn “LOKAÐ” er stilltur inn þegar hurð er lokuð við gólf. Ath. Kraftinn (átakið) **VERÐUR burtséð frá hvort endapunktur hafi verið stilltir sjálfvirkt á handvirkt, að stillast. Sjá kafla 26 “Stilling á krafti”.**
- Opnið og lokið hurðinni með fjarstýringunni eða veggrofanum tvisvar eða oftar. Ef hurðin stoppar ekki í stöðunni “OPIN” eða fer til baka áður en hún hefur náð stöðunni “LOKUD” endurtakið þá handvirka stillingu á endapunktum. Ef hurðin stoppar í stöðunum “OPIN og LOKUD” þá endurtakið síðan kafla 27 “Prófun á öryggisopnun”